

REGLUGERÐ

um breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

158. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

158.1. Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins, veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerðarinnar.

158.2. Komi upp ágreiningur milli Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar má vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. og 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 15. maí 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

16. maí 1998

Nr. 294

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Hreppsnefnd Leirár- og Melahrepps, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag fyrir jörðina Eystri-Leirárgarða.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

16. maí 1998.

F. h. hreppsnefndar,

Ólafur K. Guðmundsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

16. maí 1998

Nr. 295

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Hreppsnefnd Andakílshrepps, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag fyrir sumarbústað í landi Vatnshamra.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

16. maí 1998.

F. h. hreppsnefndar,

Ólafur K. Guðmundsson skipulags- og byggingarfulltrúi.